



FORNLEIFAVERND RÍKISINS

Garðabæ, 18.03 2002

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Í bréfi nefndasviðs Alþingis dags. 6. mars 2002 er Fornleifavernd ríkisins beðin um umsögn vegna þriggja lagafrumvarpa:

- 549. mál, opinber stuðningur við vísindarannsóknir,
- 553. mál, opinber stuðningur við tækniþróun og nýsköpun,
- 539. mál, Vísinda- og tækniráð.

Fornleifavernd ríkisins fagnar frumvörpunum og telur að þær breytingar sem þar eru gerðar eigi eftir að verða til farsældar fyrir rannsóknir á Íslandi.

Stofnunin bendir þó á eitt atriði í *frumvarpi til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir kafla II. 6.gr.* sem getur orðið til boga fyrir þá sem stunda rannsóknarnám í fögum sem tengjast starfsemi stofnunarinnar, svo sem fornleifafræði og forvörslu. Þar segir um hlutverk rannsóknarnámssjóðs að honum sé ætlað að styrkja rannsóknatengt framhaldsnám við innlendar háskólastofnanir eingöngu. Nám í fornleifafræði hefst við Háskóla Íslands haustið 2002 og verður kennt á BA- og MA-stigum. Forvarsla er eingöngu kennd erlendis. Þeir sem kjósa að fara í doktorsnám í þessum fögum, eiga skv. lögnum ekki kost á að fá styrk úr rannsóknarnámssjóði. Fornleifavernd ríkisins mælist til þess að það ákvæði verði sett í lögina að unnt sé að styrkja Íslendinga sem vinna að doktorsverkefnum um íslenskt efni við erlenda háskóla.

Virðingarfyllst,

Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður
Fornleifaverndar ríkisins